

FÉLAGSPJÓNUSTA
RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella s. 487-8125

Reglur um sérstakar húsaleigubætur

1. gr.

Skilyrði

Til að geta átt rétt á sérstökum húsaleigubótum þarf umsækjandi að uppfylla öll skilyrði 4. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði sem og skilyrði a, b og c liðar:

a. uppfylla öll skilyrði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997 og hafa sótt um almennar húsaleigubætur.

b. Vera í félagslegu leiguhúsnæði

c. Búa við, eftir því sem við á, mjög erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt matsviðmiðum sem fylgja reglum um félagslegt leiguhúsnæði.

1. einstaklingar/hjón/sambúðarfólk: að niðurstaða mats á ofantöldum aðstæðum samkvæmt matsreglum sé að lágmarki 9 stig.

2. Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Að niðurstaða mats á ofantöldum aðstæðum samkvæmt matsreglum sé að lágmarki 11 stig.

3. Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Að niðurstaða mats á ofantöldum aðstæðum samkvæmt matsreglum sé að lágmarki 12 stig.

2. gr.

Fjárhæð sérstakra húsaleigubóta

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum eins og þær eru ákvarðaðar samkvæmt lögum nr. 138/1997, þannig að fyrir hverjar 1.000 krónur í almennum húsaleigubótum fær umsækjandi 1.300 krónur í sérstakar húsaleigubætur. Þó geta almennar húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 60.000 og lágmarkskostnaður leigjanda fer aldrei niður fyrir krónur 42.000krónur.

3.gr.

Tilkynning um rétt til sérstakra húsaleigubóta o.fl.

Þegar fyrir liggur að umsækjandi fullnægir skilyrðum 1. gr. reglnanna skal honum tilkynnt með formlegum og tryggum hætti um rétt hans til sérstakra húsaleigubóta.

4. gr.

Brottfall réttar, upplýsingaskylda bótaþega o.s.fr.

Réttur til að fá greiddar sérstakar húsaleigubætur fellur niður jafnskjótt og viðtakandi uppfyllir ekki lengur skilyrði 1. gr. **Endurnýja þarf umsókn um sérstakar húsaleigubætur fyrir 15 janúar ár hvert, að öðrum kosti falla þær niður.** Um brottfall réttar til sérstakra húsaleigubóta og upplýsingaskyldu bótaþega vísast að öðru leyti til 14. og 15. gr. laga um húsaleigubætur nr. 138/1997. Ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997 um brottfall réttar til húsaleigubóta, viðurlög, endurgreiðslu og skuldajöfnun gildir með sama hætti og sérstakar húsaleigubætur.

5. gr.

Málskot til félagsmálanefndar

Hægt er að áfrýja niðurstöðu meðferðarfundar félagsþjónustunnar til félagsmálanefndar og skal það gert skriflega innan 4 vikna frá því umsækjanda er formlega tilkynnt um niðurstöðu.

Samþykkt af sveitarfélögum byggðasamlagsins:

Ásahreppur 26. ágúst 2013

Rangárþing Ytra 20. September 2013

Rangárþing Eystra 14. Nóvember 2013

Mýrdalshreppur 18. Nóvember 2013

Skaftárhreppur 10. September 2013